

Nd. 826. Frumvarp til laga [476. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Ragnar Arnalds.

6. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisútvarpið skal þegar koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og svæðisútvarps í öllum kjördæmum landsins utan höfuðborgarsvæðisins og skal við það miða að útsendingar geti hafist ekki síðar en á árinu 1989.

G r e i n a r g e r ð .

Í nágildandi útvarpslögum, 6. mgr. 16. gr., er ákvæði þess efnis að Ríkisútvarpið skuli „stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.“

Nú tæpum þremur árum eftir að lög þessi voru sett er þessi starfsemi komin vel af stað á Akureyri, þar sem eru níu fastir starfsmenn, og á Egilsstöðum, þar sem tveir starfsmenn annast dagskrárgerð og útsendingar svæðisbundið tvo daga í viku. Á Ísafirði er einn starfsmaður ráðinn við dagskrárgerð en svæðisútvarp ókomið. Í öðrum kjördæmum landsins hefur enn ekki verið hafist handa.

Víða er mikill áhugi á því að stefna útvarpslaga um „hljóðvarp í öllum kjördæmum“ nái fram að ganga. Með frumvarpi þessu er Ríkisútvarpinu lögð sú skylda á herðar að koma þessu stefnumáli í höfn ekki síðar en á næsta ári.

Fjárhagur Ríkisútvarpsins er vissulega erfiður vegna þess að stofnunin hefur ekki fengið þær tekjur sem henni voru ætlaðar með útvarpslögum. Úr þessu verður að bæta og hafa þingmenn Alþýðubandalagsins flutt sérstaka tillögu til þingsályktunar um úrbætur í mál-efnum Ríkisútvarpsins.